Þing ASÍ-UNG 14. september 2018

**Til landssambanda og aðildarfélaga ASÍ**

Reykjavík, 15. júní 2018

**Efni: Boðun til 5. þings ASÍ-UNG**

Þing ASÍ-UNG verður haldið föstudaginn 14. september nk. á Icelandair Hotel Reykjavik Natura að Nauthólsvegi, 101 Reykjavík. Þingið hefst klukkan 10 og gert ráð fyrir því að þingslit verði klukkan 16 og við taki óformleg dagskrá sem ljúki með kvöldverði.
Stjórn ASÍ-UNG hefur samþykkt að helstu umræðuefni þingsins verði: Næstkomandi kjarasamningar, fræðsla um kjarasamninga og hlutverk og málefni stéttarfélaga almennt.

**Tilkynning þingfulltrúa**
Aðildarfélög ASÍ þurfa að tilkynna fulltrúa, þ.e. ***aðal-, vara- og aukafulltrúa***, á þingið í síðasta lagi föstudaginn 31. ágúst á netfangið asi@asi.is.

**Ferðakostnaður og gisting**
Um flug vegna þingsins gilda sömu reglur og áður, þ.e. að formenn viðkomandi aðildarfélaga hafa heimild til að panta á reikning ASÍ, flug vegna þingfulltrúa viðkomandi félags.

Um greiðslu kostnaðar vegna þingfulltrúa fer að öðru leyti samkvæmt REGLUGERÐ UM GREIÐSLU FERÐAKOSTNAÐAR ÞINGFULLTRÚA OG VEGNA FORMANNAFUNDA. Reglugerðin er á vef ASÍ.

Hvað varðar gistingu fyrir þingfulltrúa sem koma utan af landi er mikilvægt fyrir aðildarfélögin að ganga frá þeim fyrr en síðar.

Rétt er að benda á að oft er hægt að fá hagstæð tilboð á hótelgistingu á vefnum. Benda má á slóðirnar: http://www.dohop.is, og http://www.hotels.com.

Þingið verður rafrænt og munu gögn koma inn slóðina http://asi.is/um-asi/skipulag/asi-ung.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd stjórnar ASÍ-UNG

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir,
framkvæmdastjóri ASÍ